

Miðvikudaginn 25. maí 1955.

Nr. 169/1954. **Kristján Jóhannsson** (Ragnar Jónsson)

gegn

Eiríki Guðbjarti Ásgeirssyni

og

**Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjar-
sjóðs** (Tómas Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking ummæla. Sýknað af skaðabótakröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Gerir hann þessar kröfur:

1. Að þau ummæli stefnda, Eiríks Guðbjarts Ásgeirssonar, að áfrýjandi sé annars flokks vagnstjóri, verði dæmd dauð og ómerk.

2. Að stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 80.000.00 í skaðabætur eða aðra fjárhæð eftir mati dómsins.

3. Að stefndu verði dæmt að greiða áfrýjanda in solidum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu í opinberu blaði eða blöðum.

4. Að stefndu verði dæmt að greiða áfrýjanda in solidum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu er leitt í ljós, að eftir að bæjarráð Reykjavíkur hafði sagt vagnstjórum Strætisvagna Reykjavíkur, þar á meðal áfrýjanda, upp starfi frá 1. október 1951, lét stefndi Eiríkur Guðbjartur Ásgeirsson, forstjóri Strætisvagna Reykjavíkur, framkvæma svonefnt „hæfnismat“ á vagnstjórunum, þó án vitundar þeirra eða samþykkis. Samkvæmt því

var vagnstjórunum skipað í þrjá hæfnisflokk, þ. e. úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk. Skýrði stefndi Eiríkur að gefnu tilefni bæjarráði frá flokkun þessari á bæjarráðsfundi hinn 29. september 1951 og lét þess þar getið, að hann hefði skipað áfrýjanda ásamt fleiri vagnstjórum í II. hæfnisflokk. Fengu vagnstjórnir fljótlega vitneskju um þessa flokkun á þeim.

Stefnda Eiríki var að vísu skylt að gera tillögur um, hverja úr hópi vagnstjóranna skyldi endurráða til aksturs strætisvagna og hverjum skyldi hafna. Var honum þá einnig heimilt að gera bæjarráði grein fyrir, í hvaða atriðum hann teldi einstökum vagnstjórum áfátt í starfi sínu. En í stað þess að fara þá leið, skírskotaði hann einungis til hins svonefnda „hæfnismats“, sem allsendis er óvíst um, að framkvæmt hafi verið á hlutlægum og öruggum grundvelli. Sjálfur hefur stefndi Eiríkur lýst því í máli þessu, að hann hafi lítið þekkt persónulega til starfshæfni áfrýjanda, og ekki hefur hann í málinu bent á eða borið fram nein atriði, er gæfu til kynna vanhæfni áfrýjanda til vagnstjórarstarfs.

Telja verður niðrandi fyrir áfrýjanda, sem haft hafði akstur strætisvagna að aðalstarfi og hafði löggildingu til að stunda bifreiðakennslu, að honum var skipað í II. hæfnisflokk, hinn sízta af þremur flokkum alls. Og þar sem engin rök hafa verið færð fram fyrir því, að þetta hafi verið réttmætt, ber að taka ómerkingarkröfu áfrýjanda til greina.

Ekki verður talið, að ærumeiðandi aðdróttun hafi falizt í hinum átöldu ummælum. Skortir því skilyrði til að dæma stefndu til greiðslu kostnaðar af birtingu dóms samkvæmt 241. gr. laga nr. 19/1940.

Áfrýjandi hefur ekki leitt nein rök að því, að hann hafi beðið fjárhagstjón vegna ummæla þeirra, sem stefnt er út af, og verður fébótakrafa hans því ekki tekin til greina.

Með tilliti til kröfugerðar áfrýjanda og niðurstöðu máls þessa þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu, bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Hin átöldu ummæli í 1. kröfulið áfrýjanda eiga að vera ómerk.

Að öðru leyti eiga stefndu, Eiríkur Guðbjartur Ásgeirsson og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, Kristjáns Jóhannssonar, í máli þessu.

Hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði Árna Tryggvasonar hrd.

Rök þau og sjónarmið, er liggja til grundvallar ákvæðum 29. gr. laga nr. 19/1940, um fresti til að krefjast málshöfðunar eða höfða mál til refsingar, eiga einnig við, að því er varðar mál til ómerkingar óviðurkvæmilegra ummæla. Um slík mál er því rétt að beita nefndri lagagrein samkvæmt lögjöfnun. Frestur sá, sem ákveðinn er í 29. gr. hegningarlagna, var liðinn, þegar áfrýjandi höfðaði mál þetta, og ber samkvæmt því að sýkna stefnda Eirík Guðbjart Ásgeirsson af ómerkingarkröfunni. Þegar af þessari ástæðu ber og að sýkna stefndu af 3. dómkröfu áfrýjanda, og skaðabótakrafa áfrýjanda er ekki studd þeim rökum, að hún verði tekin til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu tel ég rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð mitt er því þannig:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristján Jóhannsson, greiði stefndu, Eiríki Guðbjarti Ásgeirssyni og borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Kristján Jóhannsson bifreiðarstjóri, Guðrúnargötu 3, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. nóvember f. á, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og Eiríki Ásgeirssyni, forstjóra Strætisvagna Reykjavíkur, Kirkjustræti 10 B, hér í bæ. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að þau ummæli stefnda Eiríks Ásgeirssonar, að stefnandi sé II. flokks vagnstjóri, verði dæmd ómerk, að stefndi Eiríkur Ásgeirsson verði fyrir þau ummæli dæmdur til þyngstu refsingar, sem lög leyfi, að stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 80.000.00 í skaða-

bætur, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda in solidum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu væntanlegs dóms í máli þessu í opinberu blaði eða blöðum og að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar að mati dómars.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að sögn stefnanda, að hann hafi um miðjan októbermánuð 1949 verið ráðinn vagnstjóri hjá Strætisvögnum Reykjavíkur. Hafi hann, eins og venja sé um þessa starfsmenn, verið ráðinn til nokkurra mánaða í senn, en jafnan verið endurráðinn, í síðasta sinn 28. júní 1951, er hann hafi verið ráðinn til 1. október s. á. Hinn 28. september 1951 hafi sér verið tilkynnt, að störfum hans hjá Strætisvögnum Reykjavíkur væri lokið frá næstu mánaðamótum. Við umræður um endurráðningar vagnstjóranna á fundi bæjarráðs næsta dag hafi stefndi Eiríkur lagt fram tillögu þess efnis, að þeir yrðu allir endurráðnir að undanskildum 7 mönnum, þar á meðal stefnanda. Hafi stefndur Eiríkur talið sig byggja þá tillögu á hæfnismati, er hann hefði látið fara fram og tekið hafi til allra vagnstjóranna hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, en við það hæfnismat hefði sjömenningunum verið skipað í II. flokk, en aðrir vagnstjórar virðast hafa verið taldir til úrvalsflokks eða I. flokks. Hinn 6. desember 1951 hafði stefndi Eiríkur komið fyrir Félagsdóm sem vitni í dómsmáli, er þar var rekið. Hafði hann þá endurtekið staðhæfingu sína um, að hann hefði skipað sjömenningunum í II. hæfnisflokk.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi Eiríkur hafi meitt æru hans með því að gefa opinbera skýrslu um, að hann sé II. flokks vagnstjóri, án þess að rökstyðja þau ummæli sín. Þessi ummæli stefnda Eiríks hafi valdið honum verulegum miska og fjártjóni, sem húsbónda hans, stefnda borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, beri að bæta eftir reglunum um húsbóndaábyrgð.

Stefndi Eiríkur hefur skýrt svo frá, að áður en ráða skyldi strætisvagnstjórana, hafi hann reynt að gera sér grein fyrir, hverja af þeim skyldi endurráða. Kveðst hann í því skyni hafa beðið eftirlitsmenn með strætisvögnunum að flokka vagnstjórana í þrjá flokka, úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk, eftir því sem þeir teldu rétt. Þetta hafi þeir gert, og hafi meðal annars umræddir sjö vagnstjórar, þar á meðal stefnandi, þá lent í II. flokki. Sams konar flokkun hafi tveir af svonefndum vaktmönnum hjá strætisvögnunum framkvæmt, og hafi þeir komizt að sömu niðurstöðu, að því er nefnda sjö menn varðar. Þá kveðst stefndi Eiríkur hafa fengið sérstaka trúnaðarmenn sína til að athuga störf vagnstjóranna og afla sér skýrslna um bótaskyld tjón, sem vagnarnir höfðu valdið á síðustu árum. Að þessari athugun lokinni hafi hann lagt til, að umræddir sjö vagnstjórar, þar á meðal stefnandi, yrðu ekki ráðnir aftur. Hafi hann síðan lagt málið fyrir borgarstjóran, sem hafi fallizt á ráðningartillögur hans. Málið hafi síðan verið tekið fyrir í bæjarráði, og þar hafi hann sagt sem svar við fyrirspurn, sem þar hafi verið borin

fram, að hann hefði skipað umræddum sjömenningum í II. hæfnisflokk sem vagnstjórum. Tillögur hans um ráðninguna hafi síðan verið staðfestar af bæjarráði og bæjarstjórn. Sýknukröfu sína byggja stefndu fyrst og fremst á því, að allar þessar kröfur séu fyrndar samkvæmt ákvæðum 29. gr. hegningarlaga nr. 19 frá 1941. Þá hafa stefndu mótmælt því, að æra stefnanda hafi á nokkurn hátt verið meidd með ummælum þessum. Hér hafi aðeins verið um það að ræða, að forstjóri fyrirtækis hafi gert sér grein fyrir, hverja væri rétt að ráða til starfa, og hafi skýrt yfirmönnum sínum frá þessu. Það hafi honum verið bæði rétt og skylt, og hann verði á engan hátt sakfelldur fyrir það.

Eftir atvikum þykir rétt að afgreiða hverja kröfu stefnanda fyrir sig.

Refsikrafan: Í málinu er fram komið, að stefnanda varð kunnugt um ráðningartillögur stefnda Eiríks og flokkun hans mjög skömmu eftir 29. september 1951. Mál þetta er hins vegar ekki höfðað fyrr en 5. nóvember 1952. Samkvæmt ákvæðum 1. tl. 29. gr. hegningarlaganna fellur heimild til að höfða einkamál til refsingar niður, ef mál er ekki höfðað, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka. Frestur þessi var löngu liðinn, áður en mál þetta var höfðað, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda Eirík af refsikröfunni.

Ómerkingarkrafan: Ekki verður talið, að þessi krafa hafi fallið niður fyrir athafnaleysi stefnanda.

Þegar litið er til atvika að ummælum þeim, sem hér um ræðir, og hvar þau voru sett fram, þá verður ekki talið, að þau geti á neinn hátt talizt meiðandi fyrir æru stefnanda eða óviðurkvæmileg, eins og á stóð. Kemur því ekki til álita að ómerkja þau. Verður sýknukrafa stefndu því tekin til greina.

Skaðabótakrafan: Með vísan til þess, sem segir um ómerkingarkröfuna hér að framan, þá verður ekki séð, að stefnandi geti átt rétt á nokkrum bótum vegna ummælanna, enda var framangreind flokkun og gagnrýni eðlileg. Verður því sýknukrafa stefnda, borgarstjórans í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, tekin til greina.

Að því er varðar kröfu stefnanda um fé úr hendi stefndu til að standast kostnað af birtingu dóms þessa, þá verður sú krafa ekki til greina tekin með vísan til framanritaðs.

Samkvæmt þessu verða stefndu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Eiríkur Ásgeirsson og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Kristjáns Jóhannssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.